

Umburðarbréf ferðakostnaðarnefndar

Umburðarbréf ferðakostnaðarnefndar, 22. janúar 2021.

1. Um greiðslur ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna vegna ferðalaga á vegum ríkisins fer samkvæmt gildandi reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins sem samþykktar eru af fjármála og efnahagsráðherra og birtar á heimasíðu fjármála og efnahagsráðuneytisins.
2. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga starfsmanna ríkisins skal ferðakostnaðarnefnd ákvarða fjárhæð dagpeninga vegna ferðakostnaðar innanlands og erlendis, vegna námskeiða- þjálfunar og eftirlitsstarfa auk þess skal nefndin endurskoða flokkun landa eftir dvalarkostnaði svo og greiðslu fyrir afnot eigin bifreiðar starfsmanna.
3. Í umburðarbréfi ferðakostnaðarnefndar er að finna upplýsingar um forsendur dagpeninga og reglur um dagpeninga vegna námskeiða- þjálfunar og eftirlitsstarfa.

I. Almennir dagpeningar

4. Í 7. og 8. grein reglna um ferðakostnað er skilgreint að dagpeningar vegna ferðalaga erlendis skiptast annars vegar í greiðslur vegna almenns kostnaðar sem fellur til á ferðalögum (daghluti) og hins vegar í greiðslu vegna gistingar (næturhluti).
5. Dagpeningar vegna ferðalaga erlendis og greiddir eru á móti almennum kostnaði skiptast í fæði (70%) og annan kostnað (30%). Heimilt er að víkja frá þessari viðmiðun ef unnt er að sýna fram á að önnur hlutfallsleg skipting falli betur að aðstæðum í viðkomandi borg/landi.
6. Ferðakostnaðarnefnd endurskoðar forsendur akstursgjalds og dagpeninga innanlands að jafnaði ársfjórðungslega eða oftar, ef þörf krefur.
7. Megin reglan við greiðslu ferðakostnaðar innanlands er að hann skal greiddur samkvæmt reikningum vegna útlagðs kostnaðar.
8. Fjárhæðir vegna erlendra dagpeninga er samkvæmt SDR gjaldmiðlakörfu sem ákvörðuð er af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Ferðakostnaðarnefnd ákvarðar flokkun landa eftir dvalarkostnaði.
9. Heimilt er að víkja frá venjulegum dagpeningagreiðslum þegar sérstaklega stendur á svo sem þegar óhjákvæmilegt er talið að gista á dýrari hótelum, til dæmis vegna ráðstefnuhalda. Í slíkum tilvikum greiðist kostnaður eftir reikningum sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar enda fylgi reikningi greinargerð um nauðsyn þessa aukakostnaðar. Notkun þessa ákvæðis er háð sérstakri ákvörðun forstöðumanns/ráðuneytis hverju sinni. Í þessum tilfellum er ekki greiddur næturhluti dagpeninga.

II. Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa

10. Sé dvalist skemur en 14 daga vikur á sama stað skal greiða fulla dagpeninga.
11. Sé dvalist í 14 daga eða lengur á sama stað, skal greiða almenna dagpeninga fyrstu vikuna, en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó ákvæði 12.– 16. töluliðs hér á eftir.
12. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 90 dögum skulu þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeningar lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en í 90 daga, enda hafi viðkomandi stofnun eða ráðuneyti samþykkt dvölinna. Sérákvæði sem sett hafa verið um námsdvöl erlendis skulu haldast óbreytt.
13. Hafi stofnun samið um fæði og/eða gistingu á kjörum sem eru jafnhagstæð gildandi dagpeningum vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa skal að hámarki greiða dagpeninga sem samsvara þeim kjörum.
14. Verði breyting á ferðatilhögun samkvæmt ákvörðun viðkomandi stofnunar eftir að ferð er hafin skal það ekki hafa í för með sér skerðingu á dagpeningum fyrir þann tíma sem liðinn er frá því að ferð hófst þar til ákvörðun um breytinguna er tekin.
15. Styrkir og hvers kyns hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skulu skilyrðislaust koma til frádráttar dagpeningagreiðslum.
16. Verði af einhverjum ástæðum hlé á dvöl erlendis áður en henni er lokið skal litið svo á að um samfelldan dvalartíma sé að ræða.

III. Almenn ákvæði

17. Ferðakostnaðarnefnd getur ákveðið aðra tilhögun en segir hér að framan séu að hennar mati sérstakar ástæður fyrir hendi.
18. Komi til ágreinings um túlkun þessara reglna er heimilt að vísa honum til ferðakostnaðarnefndar.
19. Reglur þessar gilda frá og með 22. janúar 2021. Jafnframt fellur úr gildi fyrra umburðarbréf nefndarinnar, dagsett 26. maí 2004.

Nefndin fer þess á leit við viðkomandi ráðuneyti að þau kynni þessar reglur þeim stofnunum og fyrirtækjum, sem undir þau heyra.

Reykjavík, 22. janúar 2021

Ferðakostnaðarnefnd